

## Stjórnarfundur TSÍ þann 20.10.2008 kl 21:00 – 22:45

Mættir voru Raj, Gunnar, Hafsteinn, Skjöldur, Ingólfur og Rakel

### 1. Fjármálin Ingólfur og Raj

Ingólfur og Raj fóru í þaula yfir hvernig fjármál TSÍ standa og farið var yfir nánast alla liði fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008. Í stuttu máli lítur út fyrir að við komum út á ca núlli fyrir þetta ár. Við skuldum enn Raj (starfsmannastyrkur), Arnari (ATP styrkur) og Jón Axel (Ísl.mót) en á mótum erum við ekki búin að fá inn allar tekjur fyrir árið og því verður þetta sett í bið þangað til að það kemur í ljós hvað stendur af. Þó verður Raj greitt e-r hluti af sínum launum um næstu mánaðarmót. Skila þarf inn skýrslum til að fá peninga frá ÍSÍ sem eru útistandandi. Raj, Arnar og Birkir þurfa að skila inn skýrslum.

Það er ekki búið að gera íslandsmótið utanhúss upp að fullu. Jón Axel hefur ekki fengið greitt og TSÍ á eftir að greiða reikning fyrir boltana. Það vantar greiðslu frá TFK fyrir mótgjöld fyrir sitt fólk, auk þess sem u.þ.b. 12 aðilar hafa enn ekki greitt og þarf því að senda greiðsluseðla á þessa aðila. Það vantar ennþá nokkra bikara fyrir íslandsmótið sem þarf að leita að svo TSÍ þurfi ekki að borga fyrir nýja bikara en stykkið kostar ca 4-5 þ.kr.

Beiðni kom frá Kjartani að fá styrk í ferð á Heimsmeistaramót undir 12 ára sem hann fer á í desember á þessu ári. Ákveðið var að engir fleiri styrkir yrðu úthlutaðir fyrr en komið er í ljós hvað stendur af á þessu ári.

Ákveðið var að segja ITF að allt sé stopp hér og við getum því ekki borgað eins og staðan er núna.

Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu var ákveðið að reyna að loka á núlli og bíða bara og sjá hvað gerist.

### 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009

Í ljósi óvissunar sem ríkir í þjóðfélaginu núna var ákveðið að bíða með fjárhagsáætlun fyrir næsta ár en sú áætlun verður líklega bara óskalisti sem að næsta stjórn gæti svo hugsanlega breytt.

### 3. Mótin framundan

Jónas og Ingólfur hittust og fóru yfir mótariðina sem TFK var búin að setja upp. Ákveðið var að eftirfarandi aðilar yrðu ábyrgir fyrir eftirfarandi mótum.

Laugardagsmót - Raj

2. Stórmót TSÍ 24.-26.okt - TFK

3. Stórmót TSÍ 21.-23. nóv. – Þróttur,Fjölnir

Bikarmót TSÍ (börn) 14-18.des – Víkingur (Raj sagðist ekki geta haldið þetta mót og þyrfti því að víxla við e-n)

Jólamót Tennishallarinnar og Bikarmót TSÍ 27.-30.des – Tennishöllin

4. Stórmót TSÍ 23.-25 janúar - TSÍ

Kappfrejjumótið 14.feb - Tennishöllin

Íslandsmótið í rússa – Tennishöllin

5. Stórmót TSÍ 27.febrúar – 1.mars - TFK  
Skemmtimót tennishallarinnar 21.mars – Tennishöllin  
Íslandsmót innanhúss 2.-5.apríl – TSÍ  
6. Stórmót TSÍ 22.-24.máí - Víkingur, Þróttur, Fjölnir

Rætt var um að breyta tímasetningu á íslandsmóti utanhúss en engin niðurstaða fékkst.  
Taka þarf málið upp aftur.

Einnig var rætt um að þau mót sem TSÍ er ábyrg fyrir að fá þá hugsanlega e-n aðila til að sjá um mótið sem myndi þá taka ábyrgð á því og koma þar með í veg fyrir að TSÍ sé að tapa á að halda mót. Aðilinn gæti þá hugsanlega hagnast á að halda mótið. Spurning hvort TSÍ ætti þá að krefjast ákveðinnar umgjarðar í kringum mótið og væri þá hægt að notast við greinargerðina frá Jóni Axel. Er þá aðallega verið að tala um íslandsmótið utanhúss.

#### **4. Önnur mál**

Skjöldur tjáði sinn hug um það hræðilega ástand sem er í þjóðfélaginu og sagði að hann myndi að öllum líkindum segja af sér á næsta ársþingi TSÍ.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir